

Minnisblað

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um skráningu raunverulegra eigenda (ráðstafanir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka). Með þessu minnisblaði eru lagðar til ákveðnar breytingar í þeim tilgangi að skýra texta frumvarpsins og til þess að bregðast við tilteknum athugasemdum sem fram hafa komið í umsögnum um frumvarpið.

Um 8. grein frumvarpsins:

Í 8. grein frumvarpsins segir:

*„Á eftir IX. kafla laganna kemur nýr kafli, IX. kafli A, **Skrá um bankareikninga**, með einni grein, 37. gr. a., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:*

Skrá um bankareikninga.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum, lánaþyrftækjum og greiðsluþjónustuveitendum með starfsleyfi hér á landi er skylt að veita upplýsingar eða aðgang að upplýsingum skv. 2. mgr. og í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur skv. 5. mgr. An tafar skal veita upplýsingar eða aðgang að upplýsingum um allar breytingar á áður veittum upplýsingum samkvæmt þessari grein.

Í skrá um bankareikninga skulu eftirtaldar upplýsingar vera aðgengilegar:

- 1. Nafn og kennitala eiganda sérhvers innláns- og greiðslureiknings.*
- 2. Nafn og kennitala umboðsmanns eiganda sérhvers reiknings og aðila sem hefur heimild til að framkvæma færslur af reikningi, ef við á.*
- 3. Nafn og kennitala raunverulegs eiganda eiganda reiknings, ef við á.*
- 4. Reikningsnúmer sérhvers reiknings auk alþjóðlegs bankareikningsnúmers (IBAN-númer).*
- 5. Dagsetning á opnun og lokun reiknings.*
- 6. Nafn og kennitala leigutaka geymsluhólfa og leigutími.*

Starfsmenn skrifstofu fjármálagreininga lögreglu skulu hafa aðgang að skrá um bankareikninga í störfum sínum. Í reglugerð skv. 5. mgr. er heimilt að veita starfsmönnum annarra embætta aðgang að skránni vegna eftirlits, rannsóknar eða saksóknar sem tengist peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eða annarri refsiverðri háttsemi.

Upplýsingar skulu varðveittar í skrá um bankareikninga í samræmi við ákvæði 28. gr. Um miðlum upplýsinga úr skrá samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum XI. kafla. Heimilt er að tengja skrá um bankareikninga við samtengda skrá innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um stofnun skrár um bankareikninga sem inniheldur upplýsingar um eigendur innlánsreikninga og greiðslureikninga og leigutaka geymsluhólfa. Í reglugerðinni skal kveðið á um hvort skráin byggji á gagnagrunni eða kerfi sem sæki gögn við sérhverja leit. Þá skal í reglugerðinni kveðið nánar á um aðgengi að skrá um bankareikninga og eftirlit með notkun hennar.“

Í kjölfar nánari athugunar innan dómsmálaráðuneytisins þykir rétt að leggja til að tilvísunin til „*annarrar refsiverðrar háttsemi*“ í 3. mgr. greinarinnar verði felld brott. Þá þykir rétt að í stað orðalagsins „*annarra embætta*“ samkvæmt sömu málsgrein verði vísað með beinum hætti til eftirlitsaðila samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Frumvarpið var samið í þeim tilgangi að ljúka við innleiðingu fimmtu peningabættistilskipunarinnar.¹ Í tilskipuninni segir að upplýsingar í skrá um bankareikninga skuli vera aðgengilegar bærum stjórnvöldum í þeim tilgangi að þau geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt tilskipuninni.² Ekki er vísað til annarrar refsiverðrar háttsemi í þessu sambandi, heldur er ákvæðinu ætlað að kveða á um aðgang þar til bærra stjórnvalda, í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði peningabættistilskipunarinnar.

Rétt er að geta þess að samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2019/1153 hefur aðgengi að skrá um bankareikninga verið breytt þannig að löggæsluþjónvöld sem rannsaka alvarleg afbrot skuli einnig hafa aðgang að skránni. Sú tilskipun fellur hins vegar ekki að gildissviði EES-samningsins, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu.

¹ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/843 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka og um breytingu á tilskipunum 2009/138/EB og 2013/36/ESB.

² E.: „Member States shall ensure that the information held in the centralised mechanisms referred to in paragraph 1 of this Article is directly accessible in an immediate and unfiltered manner to national FIUs. The information shall also be accessible to national competent authorities for fulfilling their obligations under this Directive.“

Með vísan til framangreinds er lagt til að ákvæðinu verði breytt þannig að skýrt verði að tilgangur skrárinnar er eingöngu að veita tilteknum yfirvöldum aðgang að ákveðnum upplýsingum til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum um peningþvætti.

Að auki þykir rétt að breyta 5. mgr. 8. greinar frumvarpsins þannig að í stað orðsins „stofnun“ komi „starfrækslu“ og að bætt verði við vísun til þess að í reglugerð verði kveðið á um hvaða stofnun skuli starfrækja skrána. Þetta er gert til þess að taka af vafa um það að til skrárinnar um bankareikninga er stofnað með frumvarpinu en ekki með reglugerð. Af þeim breytingum sem lagðar eru til hér að ofan leiðir jafnframt að ekki þarf lengur að kveða á um aðgengi að skrá um bankareikninga í reglugerð og yrði því vísun til þess tekin út. Þá verði bætt við vísun til þess að ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víki fyrir ákvæðum greinarinnar, meðal annars í þeim tilgangi að taka af vafa um það að ákvæðið gangi framar en ákvæði laga um fjármálafyrirtæki um þagnarskyldu. Að lokum er lagt til að í 3. tl. 2. mgr. verði gerð breyting þannig að orðið „eigandi“ komi ekki fyrir tvisvar í röð. Ekki er um efnisbreytingu að ræða, heldur minniháttar breytingu á orðalagi.

Með vísan til framangreinds er lagt til að 8. grein frumvarpsins verði svohljóðandi:

*„Á eftir IX. kafla laganna kemur nýr kafli, IX. kafli A, **Skrá um bankareikninga**, með einni grein, 37. gr. a., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:*

Skrá um bankareikninga.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum, lánaþyrirtækjum og greiðsluþjónustuveitendum með starfsleyfi hér á landi er skylt að veita upplýsingar eða aðgang að upplýsingum skv. 2. mgr. og í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur skv. 5. mgr. Án tafar skal veita upplýsingar eða aðgang að upplýsingum um allar breytingar á áður veittum upplýsingum samkvæmt þessari grein. Ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar.

Halda skal skrá um bankareikninga þar sem eftirtaldar upplýsingar skulu vera aðgengilegar:

- 1. Nafn og kennitala eiganda sérhvers innláns- og greiðslureiknings.*
- 2. Nafn og kennitala umboðsmanns eiganda sérhvers reiknings og aðila sem hefur heimild til að framkvæma færslur af reikningi, ef við á.*
- 3. Nafn og kennitala raunverulegs eiganda þess sem er eigandi reiknings, ef við á.*
- 4. Reikningsnúmer sérhvers reiknings auk alþjóðlegs bankareikningsnúmers (IBAN-númer).*
- 5. Dagsetning á opnun og lokun reiknings.*
- 6. Nafn og kennitala leigutaka geymsluhólfa og leigutími.*

Starfsmenn skrifstofu fjármálagreininga lögreglu skulu hafa aðgang að skrá um bankareikninga í þeim tilgangi að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Starfsmenn eftirlitsaðila samkvæmt lögum þessum skulu einnig hafa aðgang að upplýsingum í skránni um bankareikninga í þeim tilgangi að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögnum.

Upplýsingar skulu varðveittar í skrá um bankareikninga í samræmi við ákvæði 28. gr. Um miðlum upplýsinga úr skrá samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum XI. kafla. Heimilt er að tengja skrá um bankareikninga við samtengda skrá innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um starfrækslu skrár um bankareikninga sem imiheldur upplýsingar um eigendur innlánsreikninga og greiðslureikninga og leigutaka geymsluhólfa. Í reglugerðinni skal kveðið á um hvort skráin byggji á gagnagrunni eða kerfi sem seeki gögn við sérhverja leit. Þá skal í reglugerðinni kveðið á um hvaða stjórnvald skuli starfrækja skrána og hvernig eftirliti með notkun hennar skuli háttað.“

Um önnur ákvæði frumvarpsins:

Að auki er lagt til að eftirfarandi leiðréttingar verði gerðar á texta frumvarpsins. Um er að ræða annars vegar breytingar sem eru til þess fallnar að skýra texta frumvarpsins og hins vegar leiðréttingar á innsláttarvillum:

- 1. Í umsögn Fjármálaeftirlits Seðlabankans, dags. 22.05.2020, kom fram að miðað við núverandi orðalag frumvarpsins yrðu þeir lánameðlarar samkvæmt lögum nr. 33/2013 um neytendalán sem eru einnig bifreiðasalar, bæði undir eftirliti Skattsins og Fjármálaeftirlits Seðlabankans. Með vísan til þess þykir rétt að gera tillögu að breytingu á a-lið 1. greinar frumvarpsins til að taka af öll tvímæli varðandi eftirlitshlutverk Skattsins gagnvart lánameðlurum sem eru einnig bifreiðasalar. Yrði a-liður 2. gr. laga nr. 140/2018 þá svohljóðandi:*

„Fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki og lánveitendur og lánameðlarar samkvæmt lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda, sem ekki falla jafnframt undir n-lið þessarar greinar.“

2. Með c-lið 1. greinar frumvarpsins er bætt við nýjum staflíð sem varðar fríhafnir sem eiga í viðskiptum með listmuni. Lagt er til að orðalagi staflíðarins verði breytt til samræmis við aðra staflíði 2. greinar laga um peningaþvætti og verði svohljóðandi:

„Við bætist nýr staflíður, t-liður, svohljóðandi:

Aðilar sem geyma eða eiga viðskipti með listmuni, sem eru geymdir á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 1. mgr. 69. gr. tollalaga nr. 88/2005, þegar um er að ræða viðskipti í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 10.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

3. Lagt er til að orðinu „að“ verði bætt við 7. grein frumvarpsins þannig að hún verði svohljóðandi:

„Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Rafeyrisfyrirtæki og greiðsluþjónustuveitendur sem veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús og hafa höfuðstöðvar sínar í öðru aðildarríki innan EES skulu tilnefna miðlegan tengilið hér á landi til að tryggja að þau fari að lögum þessum og til að auðvelda eftirlit með þeim, þ.m.t. gagnaöflun eftirlitsaðila.“

4. Lagt er til að í stað „eigenda“ komi „eiganda“ í 12. grein frumvarpsins þannig að hún verði svohljóðandi:

„Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Skráningarskyldum aðilum ber að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að upplýsingar um raunverulega eigendur séu réttar. Ef tilefni er til skal kanna hvort breytingar hafi átt sér stað. Raunverulegum eiganda er skylt, að beiðni skráningarskylds aðila, að veita honum upplýsingar skv. 2. mgr.“

Minnisblað

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um skráningu raunverulegra eigenda (ráðstafanir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka). Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að frumvarpinu sé meðal annars ætlað að ljúka við innleiðingu á fimmtu peningabættistilskipun ESB, tryggja að Ísland uppfylli þær skuldbindingar sem það hefur undirgengist með aðild sinni að FATF og gera tilteknar breytingar sem leiða af reynslu af beitingu laganna.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 9. júní 2020, var óskað eftir því að dómsmálaráðuneytið legði fram minnisblað þar sem farið væri yfir ákvæði lagafrumvarpsins og tilgreint með nákvæmari hætti en fram kemur í greinargerðinni í hvaða tilvikum um innleiðingu Evrópulöggjafar væri að ræða, hvenær verið væri að bregðast við atriðum sem hefðu komið upp við framkvæmd laganna og hvaða ákvæði leiddu af skuldbindingum Íslands af aðild að FATF.

Tilvísanir hér á eftir til lagagreina eru byggðar á þingskjali nr. 1217 – 709. máli, en að teknu tilliti til þeirra breytingartillagna sem lagðar voru fram af hálfu dómsmálaráðuneytisins með minnisblaði, dags. 2. júní 2020. Þegar vísað er til peningabættistilskipunarinnar án frekari tilgreiningar, þá er um að ræða tilskipun nr. 2015/849 (fjórða peningabættistilskipunin sem innleidd var með lögum 140/2018) eins og henni var breytt með tilskipun nr. 2018/843 (fimmta peningabættistilskipunin).

Breytingartillaga varðandi tilkynningarskylda aðila – 1. gr. frv.

Breytingartillaga varðandi lánveitendur og lánamiðlara samkvæmt lögum um fasteignalán til neytenda er til samræmis við 3. gr. fjórðu peningabættistilskipunarinnar.

Breytingartillaga varðandi bifreiðaumboð og bifreiðasala er gerð að tillögu embættis ríkisskattstjóra og byggir á reynslu af framkvæmd laga nr. 140/2018.¹

Breytingartillaga varðandi aðila sem eiga í viðskiptum með eða geyma listmuni er til samræmis við skilgreiningu í j – lið 2. gr. peningabættistilskipunarinnar, eins og henni var breytt með fimmtu peningabættistilskipuninni.

Breytingartillaga varðandi einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla – 2. gr. frv.

Lagt er til að í stað orðsins „framkvæmdastjórn“ komi orðið „stjórn“ en í 9. tl. 3. gr. fjórðu peningabættistilskipunarinnar er vísað til „members of the governing bodies of political parties.“ Breytingartillagan er gerð með vísan til framangreinds orðalags tilskipunarinnar og þess hlutverks sem stjórnir gegna almennt hjá stjórnmalaflokkum, eins og kemur nánar fram í greinargerð með frumvarpinu.

Breytingartillaga varðandi undanþágu frá skyldu til að framkvæma áhættumat – 3. gr. frv.

Breytingin byggir á tillögu embættis ríkisskattstjóra og fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, í ljósi reynslu af framkvæmd laga nr. 140/2018.

Breytingartillaga varðandi fjárhæðarmörk vegna áreiðanleikakönnunar - 4. gr. frv.

Breytingartillagan byggir á 12. gr. peningabættistilskipunarinnar, eins og henni var breytt með fimmtu peningabættistilskipuninni.

Breyting varðandi áreiðanleikakönnun - 5. gr. frv.

Með breytingartillögunni er lagt til að ekki verði vísað sérstaklega til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Breytingartillagan er gerð til samræmis við orðalag í 1. mgr. 13. gr. peningabættistilskipunarinnar eins og henni var breytt með fimmtu peningabættistilskipuninni og með hliðsjón af tilmælum FATF nr. 10.

Með breytingartillögunni er einnig lögð skylda á tilkynningarskylda aðila til varðveislu gagna, til samræmis við 13. grein peningabættistilskipunarinnar, eins og henni var breytt með fimmtu peningabættistilskipuninni.

¹ Samkvæmt lögum nr. 140/2018 falla bifreiðaumboð og bifreiðasalar undir lögin þegar um er að ræða viðskipti sem eru að fjárhæð 10.000 evrur eða meira.

Leiðrétting á tilvísun – 6. gr. frv.

Tilvísun til lagaákvæðis er leiðrétt.

Tilnefning miðlægs tengiliðs - 7. gr. frv.

Tekið er upp ákvæði 9. mgr. 45. greinar fjórðu peningaþvættistilskipunarinnar um tilnefningu miðlægs tengiliðs, en um heimildarákvæði er að ræða.

Skrá um bankareikninga - 8. gr. frv.

Ákvæðið byggir á grein 32. a. í peningaþvættistilskipuninni, eins og henni var breytt með fimmtu peningaþvættistilskipuninni.

Ákvæðið er svohljóðandi í tilskipuninni:

„1. Member States shall put in place centralised automated mechanisms, such as central registries or central electronic data retrieval systems, which allow the identification, in a timely manner, of any natural or legal persons holding or controlling payment accounts and bank accounts identified by IBAN, as defined by Regulation (EU) No 260/2012 of the European Parliament and of the Council, and safe-deposit boxes held by a credit institution within their territory. Member States shall notify the Commission of the characteristics of those national mechanisms.

2. Member States shall ensure that the information held in the centralised mechanisms referred to in paragraph 1 of this Article is directly accessible in an immediate and unfiltered manner to national FIUs. The information shall also be accessible to national competent authorities for fulfilling their obligations under this Directive. Member States shall ensure that any FIU is able to provide information held in the centralised mechanisms referred to in paragraph 1 of this Article to any other FIUs in a timely manner in accordance with Article 53.

3. The following information shall be accessible and searchable through the centralised mechanisms referred to in paragraph 1:

—for the customer-account holder and any person purporting to act on behalf of the customer : the name, complemented by either the other identification data required under the national provisions transposing point (a) of Article 13(1) or a unique identification number;

—for the beneficial owner of the customer-account holder : the name, complemented by either the other identification data required under the national provisions transposing point (b) of Article 13(1) or a unique identification number;

—for the bank or payment account : the IBAN number and the date of account opening and closing;

—for the safe-deposit box : name of the lessee complemented by either the other identification data required under the national provisions transposing Article 13(1) or a unique identification number and the duration of the lease period.

4. Member States may consider requiring other information deemed essential for FIUs and competent authorities for fulfilling their obligations under this Directive to be accessible and searchable through the centralised mechanisms.

5. By 26 June 2020, the Commission shall submit a report to the European Parliament and to the Council assessing the conditions and the technical specifications and procedures for ensuring secure and efficient interconnection of the centralised automated mechanisms. Where appropriate, that report shall be accompanied by a legislative proposal.“

Eftirlit ríkiskattstjóra - 9. gr. frv.

Tilvísun til staflíða er breytt til samræmis við breytingartillögu frumvarpsins varðandi 2. gr. laga nr. 140/2018.

Gerð er tillaga að ríkiskattstjóra verði falið að hafa eftirlit með almannaheillafélögum samkvæmt lögum nr. 119/2019, þrátt fyrir að félögin teljist ekki tilkynningarskyldra aðila. Með breytingartillögunni eru eftirlitsheimildir ríkiskattstjóra með áhættusömum almannaheillafélögum styrktar, en eftirlit með slíkum félögum var ein af aðgerðunum á aðgerðaráætlun Íslands hjá FATF.

Heimild til setningar reglugerðar - 10. gr. frv.

Tilgangur ákvæðisins er að veita lagastoð til að innleiða framselda reglugerð ESB 2018/1108 sem hefur stoð í fjórðu peningaþvættistilskipuninni.

Breyting á lögum um skráningu raunverulegra eigenda - 12. gr. frv.

Byggir á breytingu sem gerð var á 30. gr. peningþvættistilskipunarinnar með fimmtu peningþvættistilskipuninni.

Um innleiðingu og gildistöku - 11. og 13. gr. frv.

Þarfnast ekki skýringa.



FJÁRMÁLAÆFTIRLIT

22. maí 2020
Tilv.: 2005021

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og skráning raunverulegra eigenda (ráðstafanir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka), 709. mál.

Seðlabanki Íslands vísar til tölvubréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þann 5. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um skráningu raunverulegra eigenda (ráðstafanir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka) (709. mál). Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) lýsir yfir stuðningi við efni frumvarpsins og óskar eftir að koma á framfæri einni athugasemd varðandi eitt ákvæði frumvarpsins, samanber það sem fram kemur hér á eftir.

Þá er í umsögn þessari einnig að finna tillögur að frekari breytingum á lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þrátt fyrir að með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar sé ekki verið að leggja til breytingar á lögum nr. 33/2013 um neytendalán telur Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt með umsögn þessari að leggja til breytingar á þeim lögum. Fyrri breytingar á lögum nr. 33/2013 gerðu það að verkum að ákveðnir aðilar fengu skráningu sem lánveitendur og lánamiðlarar án þess að þurfa að uppfylla jafn strangar kröfur og aðrir aðilar sem eru tilkynningarskyldir skv. lögum nr. 140/2018. Þá gerðu breytingarnar það að verkum að fylgni við lög nr. 140/2018 voru ekki skilyrði fyrir því að fá skráningu eða halda skráningu. Hvati til að uppfylla kröfurnar er því ekki til staðar og er mikilvægt að breyta því.

Fjármálaeftirlitið hefur upplýst atvinnuvegu- og nýsköpunarráðuneytið, Neytendastofu og dómsmálaráðuneytið um þær breytingartillögur sem það telur nauðsynlegt að ráðist verði í. Þeim breytingum, sem raktar eru hér að neðan, er ætlað að uppfylla og styrkja þann tilgang sem að var stefnt með skráningarskyldu og eftirliti með lánveitendum og lánamiðlurum á síðasta ári og til þess að tryggja að þær kröfur sem FATF gerir til umgjarðar um skráningarskyldu tilkynningarskyldra aðila séu áfram uppfylltar.

Athugasemdir við frumvarpið

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fasteignasölur, bifreiðaumboð og fasteigna-, fyrirtækja-, skipta- og bifreiðasalar heyri undir gildissvið laganna. Fjármálaeftirlitið hefur ekki athugasemdir við þessa breytingu en bendir þó á að verði frumvarpið að lögum verða lánamiðlarar samkvæmt lögum nr.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
FJÁRMÁLAÆFTIRLIT



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

33/2013 um neytendalán, sem í mörgum tilvikum eru einnig bifreiðasalar, undir eftirliti bæði Skattsins og Fjármálaeftirlitsins, að því er varðar aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Í ljósi þess að fyrirhugað er að Skatturinn hafi þetta eftirlitshlutverk með höndum er lagt til að lánamiðlarar, sem jafnframt eru bifreiðasalar, séu undanskildir eftirliti Fjármálaeftirlitsins skv. lögnum.

Að framangreindu virtu leggur Fjármálaeftirlitið til að a-liður 2. gr. laga nr. 140/2018 verði orðaður svo:

„a. Fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki og lánveitendur og lánamiðlarar samkvæmt lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda, sem ekki falla jafnframt undir n-lið þessarar greinar.

Tillögur að breytingum á lögum nr. 33/2013

Með lögum nr. 163/2019, sbr. lög nr. 8/2020, var gerð breyting á lögum nr. 33/2013 og lögum nr. 140/2018 þannig að lánveitendur og lánamiðlarar samkvæmt lögum nr. 33/2013 var gert að sæta skráningu hjá Neytendastofu og eftirliti Fjármálaeftirlitsins á grundvelli laga nr. 140/2018. Þegar breytingarnar tóku gildi varð ljóst að þær gengu ekki nægilega langt til þess að skila tilætluðum árangri, m.a. varðandi skilyrði skráningar. Vegna þessa, og til þess að samræma ákvæði um skráningarskyldu samkvæmt lögum nr. 33/2013 og lögum nr. 140/2018, leggur Fjármálaeftirlitið til breytingar á báðum framangreindum lögum. Breytingunum er ætlað að tryggja að eftirlit Fjármálaeftirlitsins með aðgerðum skráningarskyldra aðila gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skili tilætluðum árangri og að aðilar geti ekki hafið starfsemi á grundvelli laga um neytendalán án þess að nauðsynlegt mat á hættum sem steðja að starfseminni hafi farið fram og aðgerðir séu til staðar til að stýra þeim.

Að framangreindu virtu telur Fjármálaeftirlitið afar brýnt að breytingar verði gerðar á lögum nr. 33/2013 og lögum nr. 140/2018 til að koma til móts við framangreind sjónarmið og leggur til í því sambandi eftirfarandi breytingatillögur:

29. gr. a:

Lagt er til að bætt verði við nýrri málsgrein sem verði 2. mgr. og hljóði svo:

„Skráningarskyldur aðili skv. 1. mgr. skal veita upplýsingar um framkvæmdastjóra, stjórnarmenn, stofnendur, hluthafa, útibússtjóra og raunverulega eigendur ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og upplýsingum um starfstöð. Auk þess skal skráningarskyldur aðili veita upplýsingar um fyrirhugaðar aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skv. lögum nr. 140/2018, sérstaklega varðandi áhættumat, könnun áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavini, stefnu, stýringar og verkferla, þjálfun starfsmanna, ábyrgðarmann og rannsóknar- og tilkynningarskyldu. Neytendastofa getur óskað frekari upplýsinga í tengslum við skráningu sé það talið nauðsynlegt.“

SEÐLABANKI ÍSLANDS FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Katrínartúni 2 105 Reykjavík

www.sedlabanki.is ☎ 569 9600 fme@sedlabanki.is



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Lögð er til ný 2. mgr. 29. gr. a þar sem nauðsynlegt er að sú krafa sé gerð til skráningarskyldra aðila að þeir skili inn ákveðnum grunnupplýsingum til að hægt sé að meta hvort þeir uppfylli skilyrði fyrir skráningu. Þegar skráningarskylda lánveitenda og lánamiðlara var innleidd með lögum nr. 163/2019, sbr. lög nr. 8/2020, var talið að með því að fella neytendalánastarfsemi undir lög nr. 140/2018 myndi opinbert aðhald með starfseminni eflast til muna. Breytingar á lögnum gerðu þó ekki að skilyrði fyrir skráningu að aðilar uppfylli kröfur laga nr. 140/2018. Í framkvæmd verður að telja líklegra til árangurs að gengið sé úr skugga um að skráningarskyldir aðilar uppfylli kröfur laga nr. 140/2018 áður en skráning er veitt. Þannig væri komið í veg fyrir að aðilar hefji starfsemi án þess að hafa fullnægjandi þekkingu á þeirri hættu sem stafar af starfsemi þeirra vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka auk þess að þeir hafi fullnægjandi verkferla og viðbúnað til þess að þekkja og bregðast við slíkum hættum.

Með útibússtjóra í skilningi framangreinds er átt við þann aðila sem stýrir útibúi erlends aðila sem starfrækt er hér á landi, sbr. einnig tillaga um nýja 3. mgr. varðandi aðila frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Lagt er til að bætt verði við nýrri málsgrein sem verði 3. mgr. og hljóði svo:

„Aðili frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins getur sótt um skráningu skv. 1. mgr. Skilyrði fyrir því er að viðkomandi aðili stundi starfsemi með rekstri útibús hér á landi. Útibússtjóri skal búsettur á Íslandi. Sé skráningarskyldur aðili eftirlitsskyldur í heimaríki sínu skal hann skila staðfestingu frá lögbæru stjórnvaldi í því ríki þess efnis að hann sé undir eftirliti, hvernig því sé háttáð og hvort hann uppfyllir kröfur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.“

Nýrri 3. mgr. er ætlað að tryggja að aðilar frá öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins sem sækjast eftir skráningu sem lánveitendur eða lánamiðlarar hér á landi komi upp fastri starfsstöð og ábyrgðarmanni starfseminnar enda verður talið að eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skili ekki tilætluðum árangri nema eftirlitsaðili hafi kost á að kanna starfsemi aðila og hvernig aðgerðum er beitt í raun. Ljóst er að slíkt eftirlit yrði verulegum takmörkunum háð væri þjónusta aðila alfarið veitt frá öðru ríki. Þar sem heimild aðila frá öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins til að sækja um skráningu og veita þjónustu sem lánveitendur eða lánamiðlarar byggir ekki á samræmdum reglum Evrópusambandsins er ekki hægt að treysta á samvinnu og aðstoð lögbærs eftirlits í heimaríki viðkomandi aðila til þess að sinna eftirliti með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, auk þess sem óvíst er að aðilinn lúti eftirliti í sínu heimaríki. Því verður Fjármálaeftirlitið ávallt einnig að leggja sjálfstætt mat á aðgerðir og framkvæmd hvers og eins aðila ásamt því að byggja á mati annars eftirlitsaðila í því ríki sem skráningarskyldur er með staðfestu. Sé aðili staðsettur í öðru ríki er ljóst að slíkt eftirlit væri verulega torveldað.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Katrínartúni 2 105 Reykjavík

www.sedlabanki.is © 569 9600 fme@sedlabanki.is



FJÁRMÁLAÆFTIRLIT

Krafan um að útibú hér á landi sé stofnað byggir á sambærilegum kröfum í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög og þurfa aðilar sem vilja starfrækja hér útibú að skrá það í fyrirtækjaskrá.

Í þessu sambandi bendir Fjármálaeftirlitið á að taka þarf til skoðunar hvort að sömu kröfur eigi að gilda um aðila frá aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum.

Þá er lagt til að breytingar verði gerðar á núgildandi 3. mgr., sem verður 5. mgr. nái framangreindar breytingar fram að ganga. Lagt er til að ákvæðið hljóði svo:

„Neytendastofa skal leita umsagnar Fjármálaeftirlitsins um hvort umsækjandi uppfylli kröfur laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka áður en skráning skv. 1. mgr. er veitt.“

Breytingar á núgildandi 3. mgr. 29. gr. a þjónar þeim tilgangi að tryggja að skráningarskyldir aðilar uppfylli kröfur laga nr. 140/2018 áður en til skráningar kemur auk þess að skýra verkaskiptingu milli eftirlitsstjórnvalda þar sem annað fer með skráningu aðila en hitt með eftirlit með ákveðnum þáttum í rekstri þess. Fjármálaeftirlitið lítur svo á að eðlilegt sé að mat á aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka fari fram sem hluti af umsóknarferli aðila þegar fyrir liggur að önnur skilyrði skráningar eru uppfyllt.

29. gr. b:

Lagt er til að heiti ákvæðisins verði breytt í „Skilyrði skráningar“.

Lagt er til að í 1. mgr. verði gerðar eftirfarandi breytingar:

á eftir orðinu „stjórnarmenn“ verði tekið út orðið „eða“ og í staðinn bætt við kommu.

á eftir orðinu „framkvæmdastjóri,“ komi „útibússtjóri eða“.

í stað orðsins „þremur“ komi orðið „fimm“ og að á eftir orðunum „árum“ komi „verið úrskurðaðir gjaldþrota“.

á eftir orðunum „laga þessara“ í síðasta málslið bætist: „og laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka“.

Breytingum á 29. gr. b, m.a. um heiti ákvæðisins, er ætlað að samræma ákvæðið öðrum sambærilegum ákvæðum um skráningarskyldu aðila, s.s. 35. gr. laga nr. 140/2018, með því að bæta útibússtjórum og raunverulegum eigendum við þá aðila sem uppfylla þurfa skilyrði fyrir skráningu. Breytingu á síðasta málslið 1. mgr. er ætlað að setja það skilyrði fyrir skráningu að viðkomandi aðili uppfylli kröfur laga nr. 140/2018.

Í frumvarpi með lögum nr. 163/2019 sem innleiddu skráningarskyldu lánveitenda og lánamiðlara var Fjármálaeftirlitinu falið að hafa eftirlit með því að skráningarskyldir aðilar uppfylli kröfur laga nr. 140/2018. Þó var það

SEÐLABANKI ÍSLANDS FJÁRMÁLAÆFTIRLIT

Katrínartúni 2 105 Reykjavík

www.sedlabanki.is ☎ 569 9600 fme@sedlabanki.is



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

ekki gert að skilyrði fyrir skráningunni að skráningarskyldu aðilarnir uppfylltu kröfur laganna áður en til skráningar kemur. Til þess að tryggja að marktækt eftirlit sé framkvæmt á grundvelli laga nr. 140/2018, er talið grundvallaratriði að gengið sé úr skugga um að aðilar hafi greint og metið hættuna á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem stafar að starfsemi þeirra og hafi stefnu, stýringar og verkferla til að draga úr og stýra þeirri áhættu.

Lagt er til að í 2. mgr. verði gerðar eftirfarandi breytingar:

á eftir orðinu „stjórnarmenn“ verði tekið út orðið „eða“ og í staðinn sett komma.

Á eftir orðinu „framkvæmdastjóra“ komi orðin „útibússtjóra eða raunverulegir eigendur hans“.

Hvað varðar breytingu á 2. mgr. 29. gr. b vísast til rökstuðnings vegna breytingar sem lögð er til á 1. mgr. ákvæðisins.

Lagt er til að ný 3. mgr. bætist við ákvæðið sem hljóðar svo:

„Skráningarskyldur aðili skv. 1. mgr. 29. gr. a skal upplýsa Neytendastofu um það ef aðilinn sjálfur, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, útibússtjóri eða raunverulegir eigendur hans uppfylla ekki lengur skilyrði skráningar þannig að fella skuli hann af skrá skv. 2. mgr. 29. gr. b. Jafnframt skal aðili sem hlotið hefur skráningu skv. 1. mgr. 29. gr. a upplýsa Neytendastofu um hverjar þær breytingar á áður veittum upplýsingum.“

Breytingin miðar að því að gera aðilum, sem hlotið hafa skráningu skv. 1. mgr. 29. gr. a, skylt að upplýsa Neytendastofu ef aðilinn sjálfur, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, útibússtjóri eða raunverulegir eigendur uppfylla ekki lengur skilyrði skráningar þannig að fella skuli aðila af skrá. Skilyrði fyrir skráningu aðila eru viðvarandi og eðlilegt verður að teljast að skylda sé sett á aðilana sjálfa að upplýsa um slíkar breytingar. Þá er jafnframt lagt til að sú skylda sé sett á aðila sem þegar hefur hlotið skráningu að tilkynna um allar breytingar á áður veittum upplýsingum.

30. gr.

Lagt er til að eftirfarandi bætist við sem nýr þ-liður:

„Þ. 3. mgr. 29. gr. b um upplýsingaskyldu aðila“

Nýr stafliður 1. mgr. 30. gr. gerir Neytendastofu kleift að beita skráðan aðila viðurlögum, veiti viðkomandi ekki upplýsingar um breyttar aðstæður sem gera það að verkum að aðilinn sjálfur, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri útibússtjóri, eða raunverulegir eigendur uppfylla ekki lengur skilyrði skráningar þannig að fella skuli aðila af skrá, sbr. 3. mgr. 29. gr. b. Þau skilyrði sem sett eru fyrir skráningu aðila sem lánveitandi eða lánamiðlari eru viðvarandi og því mikilvægt að mögulegt sé að beita stjórnvaldssektum upplýsi aðili ekki um að þau séu ekki lengur uppfyllt. Þá skal jafnframt hið sama gilda upplýsi aðili sem þegar hefur hlotið skráningu ekki um breytingar á áður veittum upplýsingum.

SEÐLABANKI ÍSLANDS FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Katrínartúni 2 105 Reykjavík

www.seðlabanki.is ☎ 569 9600 fme@seðlabanki.is



FJÁRMÁLAÆFTIRLIT

Nýtt bráðabirgðaákvæði:

Lagt er til að nýju bráðabirgðaákvæði verði bætt við lögum sem hljóðar svo:

„Aðilar sem þegar hafa hlotið skráningu skv. 1. mgr. 29. gr. a hafa ráðrúm í þrjá mánuði frá gildistöku laganna til að uppfylla kröfur 3. mgr. 29. gr. a“

Þar sem fjöldi aðila hefur þegar öðlast skráningu sem lánveitandi eða lánamiðlari hjá Neytendastofu verður að telja eðlilegt að þeim aðilum sé veitt ráðrúm til þess að uppfylla ný skilyrði skráningar. Þar sem um viðvarandi skilyrði er að ræða verður ekki talið eðlilegt að þegar skráðir aðilar séu undanskyldir því að uppfylla þau.

Tillögur að breytingum á lögum nr. 140/2018

35. gr.

Lagt er til að orðin „og lánveitendur og lánamiðlarar samkvæmt lögum um neytendalán“ í 2. mgr. 35. gr. séu felld brott úr lögnum.

Tilvitnuð orð komu inn í ákvæðið með lögum nr. 163/2019 en tilgangur breytingarinnar með lögum nr. 163/2019 var að kveða skýrt á um að lánveitendur og lánamiðlarar séu ekki skráningarskyldir skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 140/2018 enda er þeim gert að sæta skráningu hjá Neytendastofu skv. lögum nr. 33/2013 um neytendalán. Breytingin á 1. mgr. 35. gr. sem gerð var með lögum nr. 163/2019 er þó til þess fallin að valda misskilningi enda kann hún að gefa til kynna að lánveitendur og lánamiðlarar hafi heimild til þess að sinna gjaldeyrisskiptastarfsemi eða þjónustu vegna sýndarfjár og stafrænna veskja án skráningar. Því er lagt til að orðin verði felld brott úr lögnum.

Lagt er til að nýrri 4. mgr. verði bætt við ákvæðið sem hljóðar svo:

„Skráningarskyldur aðili skv. 1. mgr. skal veita upplýsingar um framkvæmdastjóra, stjórnarmenn, stofnendur, hluthafa, útíbússtjóra og raunverulega eigendur ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og upplýsingum um starfstöð. Auk þess skal skráningarskyldur aðili veita upplýsingar um fyrirhugaðar aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skv. lögum nr. 140/2018, sérstaklega varðandi áhættumat, könnun áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavini, stefnu, stýringar og verkferla, þjálfun starfsmanna, ábyrgðarmann og rannsóknar- og tilkynningarskyldu. Fjármálaeftirlitið getur óskað frekari upplýsinga í tengslum við skráningu sé það talið nauðsynlegt.“

Til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á 29. gr. a laga um neytendalán er nauðsynlegt að sú krafa sé gerð til skráningarskyldra aðila sem skrá sig hjá Fjármálaeftirlitinu að þeir skili inn ákveðnum grunnupplýsingum til að hægt sé að meta hvort þeir uppfylla skilyrði fyrir skráningu.

Með útíbússtjóra í skilningi framangreinds er átt við þann aðila sem stýrir útíbúi erlends aðila sem starfrækt er hér á landi, sbr. einnig tillaga um nýja 3. mgr. varðandi aðila frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Lagt er til að nýrri 5. mgr. verði bætt við ákvæðið sem hljóðar svo:

SEÐLABANKI ÍSLANDS FJÁRMÁLAÆFTIRLIT

Katrínartúni 2 105 Reykjavík

www.sedlabanki.is © 569 9600 fme@sedlabanki.is



FJÁRMÁLAÆFTIRLIT

„Aðili frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins getur sótt um skráningu skv. 1. mgr. Skilyrði fyrir því er að viðkomandi aðili stundi starfsemi með rekstri útibús hér á landi. Útibússtjóri skal búsettur á Íslandi. Sé skráningarskyldur aðili eftirlitsskyldur í heimaríki sínu skal hann skila staðfestingu frá lögbæru stjórnvaldi í því ríki þess efnis að hann sé undir eftirliti, hvernig því sé háttáð og hvort hann uppfyllir kröfur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.“

Varðandi rökstuðning að baki nýrri 5. mgr. 35. gr. er vísað til rökstuðnings að baki nýrri 3. mgr. 29. gr. a í lögum um neytendalán hér að framan.

Í þessu sambandi bendir Fjármálaeftirlitið einnig á að taka þarf til skoðunar hvort að sömu kröfur eigi að gilda um aðila frá aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum.

37. gr.

Lagt er til að í 1. og 2. mgr. verði gerðar eftirfarandi breytingar:

í stað orðsins „stjórnendur“ komi orðin „stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, útibússtjóri“

Lagt er til að ný 4. mgr. bætist við ákvæðið sem hljóðar svo:

„Skráningarskyldur aðili skv. 1. mgr. 35. gr. skal upplýsa Fjármálaeftirlitið ef aðilinn sjálfur, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, útibússtjóri eða raunverulegir eigendur hans uppfylla ekki lengur skilyrði skráningar þannig að fella skuli hann af skrá skv. 3. mgr. 37. gr. Jafnframt skal aðili sem hlotið hefur skráningu skv. 1. mgr. 35. gr. upplýsa Fjármálaeftirlitið um hverjar þær breytingar á áður veittum upplýsingum.“

Til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á lögum nr. 33/2013 er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við ákvæðið. Skilyrði fyrir skráningu aðila eru viðvarandi og eðlilegt verður að teljast að skylda sé sett á aðilana sjálfa að upplýsa um slíkar breytingar. Þá er jafnframt lagt til að sú skylda sé sett á aðila sem þegar hefur hlotið skráningu að tilkynna um allar breytingar á áður veittum upplýsingum.

46. gr.

Lagt er til að eftirfarandi bætist við sem nýr 23. liður:

„23. 3. mgr. 37. gr. um upplýsingaskyldu aðila“

Um rökstuðning fyrir breytingu á þessu ákvæði vísast til rökstuðnings við sambærilegt ákvæði sem lagt er til að bætist við 1. mgr. 30. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán.

SEÐLABANKI ÍSLANDS FJÁRMÁLAÆFTIRLIT

Katrínartúni 2 105 Reykjavík


www.sedlabanki.is © 569 9600 fme@sedlabanki.is




FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Fjármálaeftirlitið telur afar mikilvægt að ráðist verði í framangreindar breytingar á bæði lögum um neytendalán og lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í ljósi þeirrar reynslu sem hlotist hefur af framfylgd laganna. Fjármálaeftirlitið lýsir sig reiðubúið til að útskýra og rökstyðja breytingatillögunar frekar og koma að útfærslu þeirra.

Virðingarfyllst,


Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri
lagalegt eftirlit og
vettvangsathuganir


Helga Rut Eysteinsdóttir
lögfræðingur
lagalegt eftirlit og
vettvangsathuganir

SEDLABANKI ÍSLANDS
FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Katrínartúni 2 105 Reykjavík
www.sedlabanki.is ☎569 9600 fme@sedlabanki.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



6. maí 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 709. mál á 150. löggjafarþingi

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og skráning raunverulegra eigenda

Með frumvarpi þessu er ætlunin að ljúka innleiðingu tilskipunar 2018/843/ESB um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt hlynnt slíkum ráðstöfunum.

Meðal þeirra aðila sem er ætlunin að fella undir lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með frumvarpinu, eru lánveitendur og lánamiðlarar samkvæmt lögum nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að þetta leiði af kröfum tilskipunar 2013/36/ESB, sbr. viðauka I. Samtökin styðja þessa tillögu eindregið. Lánveitendur og lánamiðlarar samkvæmt lögum um neytendalán voru felldir undir lögum með breytingu samkvæmt lögum nr. 163/2019 sem voru samþykkt í desember. Með hliðsjón af þannig breyttu orðalagi a-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018 þarf að breyta orðalagi a-liðar 1. gr. frumvarps þessa til samræmis, svo sem með því að breyta orðinu "laga" í þágufallsmyndina "lögum".

Hagsmunasamtök heimilanna mótmæla því sem kemur fram í lokamálslið 5. kafla greinargerðar með frumvarpinu, að ekki sé ástæða til að fella fjárhagsupplýsingastofur undir lögum á þessu stigi. Auk lánveitenda eru aðilar sem vinna með upplýsingar um lánshæfi tilgreindir í 13. tölulið viðauka I með tilskipun 2013/36/ESB. Með sömu fyrrnefndu rökum og koma fram í athugasemdum að baki 1. gr. í greinargerð með frumvarpinu hlýtur að sama skapi að þurfa að tilgreina fjárhagsupplýsingastofur í ákvæðinu, til að uppfylla kröfur þeirrar tilskipunar. Enn fremur eru dæmi um að aðilar sem stunda vafasama, jafnvel ólöglega starfsemi, nýti sér fjárhagsupplýsingastofu til að ógna neytendum með hótunum um skráningu á vanskilaskrá og skemmdarverkum á lánshæfismati. Slíka starfsemi er því full ástæða til að fella undir varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Hagsmunasamtök heimilanna hvetja til þess fjárhagsupplýsingastofum verði við bætt við upptalningu aðila í 1. gr. frumvarps þessa, en gera ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

- o -

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 20.05.2020
Tilv. 2020/0367 - 0.3.01
ÞAÁ

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og skráning raunverulegra eigenda (ráðstafanir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka), 709. mál

Vísað er til tölvubréfs, dags. 5. maí 2020, þar sem Neytendastofu var gefinn kostur á að koma að umsögn um frumvarp til laga um breytingu um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um skráningu raunverulegra eigenda (ráðstafanir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka). Neytendastofa þakkar tækifærið til að tjá sig um frumvarpið.

Neytendastofa vísar til mikilvægi þessa frumvarps um peningabætti og þess að lögnum verði framfylgt með fullnægjandi hætti. Þá vill stofnunin benda á tengsl laganna við ákvæði laga sem Neytendastofa hefur eftirlit með sbr. lög nr. 118/2018, um fasteignalán til neytenda, og lög nr. 33/2013, um neytendalán. Í þeim lögum koma fram auðkenningakröfur til neytenda við undirritun lánsamninga sem og skráningakröfur lánveitenda og lánamiðlara sem eru grunnur að þeirra starfsleyfi. Lög um fasteignalán til neytenda og neytendalán hafa ríka tengingu við aðgerðir gegn peningabætti. Af þessu tilefni telur Neytendastofa þörf á að nýta tækifærið og vekja athygli á nauðsynlegum breytingum á ákvæðum laga nr. 33/2013, um neytendalán, er snúa að skráningarskyldu lánveitenda og lánamiðlara.

Þá vísar stofnunin einnig til meðfylgjandi minnisblaðs til Efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 20. maí 2020, þar sem fram koma sjónarmið um fullgilda rafræna auðkenningu við undirritun samnings um neytendalán við fjarsölu m.a. sem vörn gögn peningabætti.

Athugasemdir og breytingatillögur á skráningarskyldu lánveitenda og lánamiðlara sem bjóða neytendalán

Með gildistöku laga nr. 163/2019 var komið á skráningarskyldu lánveitenda og lánamiðlara neytendalána hjá Neytendastofu, hafi aðilarnir ekki jafnframt heimild til lánveitinga til neytenda samkvæmt sérlögum og séu eftirlitsskyldir aðilar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lögin tóku gildi þann 1. mars 2020 og hefur Neytendastofa nú þegar samþykkt skráningu fimm lánveitenda og 38 lánamiðlara.

Lögin fólu jafnframt í sér breytingu á lögum nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, með þeim hætti að umræddir aðilar sem skráningu hafa hjá Neytendastofu og þar með starfsleyfi falla undir eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands með lögum nr. 140/2018. Af því tilefni hafa Neytendastofu borist athugasemdir frá

Fjármálaeftirlitinu um skilyrði skráningar og að samþætta þurfi skráningu hjá Neytendastofu við eftirlit samkvæmt lögum nr. 140/2018. Neytendastofa telur athugasemdirnar réttmætar og tekur undir þá afstöðu Fjármálaeftirlitsins að þörf sé á að farið sé yfir og kannað hvort skilyrði laga nr. 140/2018 séu uppfyllt áður en aðili leitar eftir skráningu sem lánveitandi eða lánamiðlari neytendalána hjá Neytendastofu.

I.

Neytendastofa leggur því til breytingu á 29. gr. b. laga nr. 33/2013 sem felur í sér auknar kröfur til upplýsinga sem fylgja umsókn um skráningu. Annars vegar upplýsingar um stofnendur, hluthafa og raunverulega eigendur til viðbótar við stjórnarmenn og framkvæmdarstjóra, þ.e. að sú krafa sem nú er gerð til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eigi við um stofnendur, hluthafa og raunverulega eigendur. Hins vegar að umsókn um skráningu fylgi staðfesting frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um að skilyrði laga nr. 140/2018 séu uppfyllt. Í því sambandi er sérstaklega mikilvægt að umsókn um skráningu hjá Neytendastofu fylgi staðfesting frá Fjármálaeftirlitinu að umsækjandi hafi gert viðeigandi áhættumat og uppfæri það reglulega á 2 ára fresti eins og kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 140/2018. Þá leggur Neytendastofa einnig til að kveðið sé með skýrari hætti á um það í hvaða tilvikum skráður aðili verði felldur af skrá.

Neðangreindar tillögur að breyttu orðalagi eru því hér lagðar til með hliðsjón af óformlegum samskiptum milli Neytendastofu og Fjármálaeftirlitsins:

29. gr. b. ~~Synjun~~ Skilyrði skráningar.

Skráningarskyldur aðili skv. 1. mgr. 29. gr. a. skal veita upplýsingar um framkvæmdastjóra, stjórnarmenn, stofnendur, hluthafa og raunverulega eigendur. Hann skal auk þess leggja fram staðfestingu frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um að skilyrði laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka séu uppfyllt.

Neytendastofa ~~Neita~~ skal hafna ~~um~~ skráningu skv. 29. gr. a ef stjórnarmenn, eða framkvæmdastjóri eða raunverulegir eigendur skráningarskylds aðila hafa ekki forræði á búi sínu eða hafa á síðustu ~~þremur~~ fimm árum verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl., ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda eða, eftir því sem við á, þeim sérlögum sem gilda um viðkomandi aðila. Þá skal hafna ~~neita-um~~ eða fella niður skráningu ef skráningarskyldur aðili uppfyllir ekki lengur kröfur þessara laga eða laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skv. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Skráningarskyldur aðili skv. 1. mgr. 29. gr. a. ber skylda til að skal upplýsa Neytendastofu um það ef aðilinn sjálfur, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri eða raunverulegir eigendur hans uppfylla ekki lengur skilyrði skráningar þannig að fella skuli hann af skrá skv. 2. mgr. 29. gr. b. Jafnframt skal aðili sem hlotið hefur skráningu skv. 1. mgr. 29. gr. a. upplýsa Neytendastofu um hverjar þær breytingar sem verða á áður veittum upplýsingum.

Fella skal skráðan aðila af skrá skv. 29. gr. a ef ~~svo háttar um viðkomandi aðila sem um getur í 1. mgr.:~~

- a) hann óskar þess,**
- b) hann hefur ekki stundað lánveitingu eða lánamiðlun samkvæmt lögum þessum undanfarna tólf mánuði,**

- c) skráningu hefur verið aflað á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,
- d) hann, stjórnarmenn, eða framkvæmdastjóri eða raunverulegir eigendur hans uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir skráningu,
- e) berist Neytendastofu tilkynning frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands að skráningarskyldur aðili uppfylli ekki lengur skilyrði um uppfærslu og endurnýjun á áhættumati sbr. 5. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti
- e) hann brýtur að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Neytendastofa telur tilefni til að vekja sérstaka athygli á því að stofnunin telur nauðsynlegt að auk annarra gagna sem fylgja þurfa skráningu til stofnunarinnar leggi viðkomandi lánveitandi eða lánamiðlari fram staðfestingu frá Fjármálaeftirliti vegna skilyrða laga nr. 140/2018. Neytendastofa tekur undir mikilvægi þess að slík staðfesting sé grundvöllur skráningar hjá stofnuninni og að mikil samlegðaráhrif fáið með eftirliti Fjármálaeftirlitsins með lögum nr. 140/2018 og skráningu hjá Neytendastofu sé skráningin háð því skilyrði. Neytendastofa telur þó að sama skapi nauðsynlegt að viðkomandi aðili afli staðfestingarinnar áður en óskað er skráningar hjá Neytendastofu í stað þess að Neytendastofa afli viðeigandi gagna og leiti umsagnar Fjármálaeftirlitsins á því hvort skilyrði laga nr. 140/2018 séu uppfyllt. Byggir sú afstaða stofnunarinnar á því að mikilvægt sé að halda skráningarferli einföldu og kostnaðarlitlu bæði fyrir aðila málsins og Neytendastofu auk þess sem stofnun telur stjórnsýsluframkvæmd mun flóknari þurfi stofnunin að leita umsagnar Fjármálaeftirlitsins. Í þessu sambandi getur Neytendastofa teiknað upp tvær sviðsmyndir um vandamál sem upp gætu komið.

Annars vegar vill Neytendastofa benda á tilvik þar sem skoðun Fjármálaeftirlits leiddi í ljós að afla þurfi frekari gagna til þess að staðreyna að skilyrði laga nr. 140/2018 séu uppfyllt. Væri ferlið með þeim hætti að Neytendastofa leitaði umsagnar Fjármálaeftirlitsins yrði athugasemd um skort á gögnum líklega að berast Neytendastofu frá Fjármálaeftirliti sem kæmi þeim athugasemdum til viðkomandi aðila sem færði Neytendastofu viðbótargögn til framsendingar til Fjármálaeftirlits. Færi skoðun á því hvort skilyrði laga nr. 140/2018 fram hjá Fjármálaeftirlitinu ótengt umsókn um skráningu lánveitanda eða lánamiðlara er tryggt að Neytendastofa verður ekki milliliður við þá skoðun, enda bæði óþarft og óskilvirkur stjórnsýsluháttur.

Hins vegar vill Neytendastofa benda á tilvik þar sem skoðun Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að skilyrði laga nr. 140/2018 séu ekki uppfyllt. Um væri að ræða umsögn til Neytendastofu en ekki stjórnvaldsákvörðun af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Aðili málsins nýtur því t.d. ekki andmælaréttar hjá því stjórnvaldi sem raunverlega tekur afstöðu til þess hvort skilyrði laganna séu uppfyllt. Neikvæð umsögn Fjármálaeftirlitsins myndi aftur á móti leiða til þess að Neytendastofa yrði að hafna skráningu sem telst stjórnvaldsákvörðun og gæta þarf reglna stjórnsýsluréttarins við þá ákvörðun. Þá yrði slík ákvörðun kæránleg til áfrýjunarnefndar neytendamála. Neytendastofa telur ekki heppilegt að stofnuninni sé fært ákvörðunarvald byggt á afstöðu annarrar stofnunar, vegna laga sem Neytendastofa hefur ekki eftirlit með. Kæra til æðra stjórnvalds, þ.e. áfrýjunarnefndar neytendamála, gæti aðeins snúið að þeirri ákvörðun Neytendastofu að hafna skráningu vegna neikvæðrar umsagnar Fjármálaeftirlits því ekki verður séð að áfrýjunarnefnd neytendamála geti tekið efnislega afstöðu til umsagnar stjórnvalds sem ekki heyrir undir nefndina. Aðila málsins er því gert ómögulegt að nýta nokkrar kæruleiðir innan stjórnsýslunnar vegna afstöðu Fjármálaeftirlitsins um skilyrði laga

nr. 140/2018.

Hvað varðar tillögu um 4. mgr. 29. gr. b. vill Neytendastofa benda á að stofnunin hefur samþykkt skráningu lánveitanda sem nú virðist hættur lánastarfsemi. Stofnunin hefur þrátt fyrir það ekki lagaheimildir til þess að afnema skráningu af þeirri ástæðu. Við nánari skoðun telur Neytendastofa því rétt að leggja til að tekið verði upp sambærilegt ákvæði og er að finna í 45. gr. og 51. gr. laga nr. 118/2016, um fasteignalán til neytenda, og snýr að afturköllun skráningar lánveitanda og lánamiðlara fasteignalána til neytenda.

II.

Í samræmi við fyrrnefnd óformleg samskipti stofnananna, er lagt til að breyting verði gerð á 30. gr. laga nr. 33/2013 þannig að Neytendastofu verði færð heimild til ákvörðunar stjórnvaldssekta gegn aðilum sem brýtur gegn upplýsingaskyldu sinni, þ.e. viðvarandi upplýsingagjöf að fenginni skráningu. Sem dæmi má nefna að samkvæmt lögum nr. 140/2018 ber aðilum að uppfæra áhættumat á tveggja ára fresti og telur Neytendastofa því mikilvægt þess að stofnunin geti gripið til úrræða laganna sé hún ekki upplýst um breytingar sem áhrif hafa á skráningu.

Því er lögð til eftirfarandi breyting viðbót við 1. mgr. 30. gr.

z. 3. mgr. 29. gr. b. um upplýsingaskyldu aðila

III.

Líkt og áður greinir hafa fimm lánveitendur og 38 lánamiðlarar hlotið skráningu hjá stofnuninni. Verði ofangreindar breytingar gerðar á skilyrðum til skráningar telur Neytendastofa mikilvægt að tekið verði á því gagnvart þeim aðilum sem nú þegar hafa hlotið skráningu. Leggur stofnunin því til eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

Lánveitandi eða lánamiðlari sem hlotið hefur skráningu hjá Neytendastofu samkvæmt 29. gr. a. fyrir gildistöku laga þessara skal skila viðeigandi viðbótargögnum þ.m.t. staðfestingu Fjármálaeftirlitsins um áhættumat skv. lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna til þess að halda skráningu. Berist ekki viðeigandi gögn skal skráningin felld úr gildi.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 20. maí 2020

Minnisblað

Rafræn auðkennin við undirritun samnings um neytendalán í fjarsölu

Til: efnahags- og viðskiptanefndar

Frá: Neytendastofu

Við er til umsagnar Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda, 607. mál, dags. 20. apríl sl., sem og fundar stofnunarinnar með efnahags- og viðskiptanefnd þann 15. maí sl.

Umrædd athugasemd Neytendastofu varðaði þá breytingu sem gerð var með lögum nr. 8/2020 að bætt var við orðunum „eða samþykktur af neytanda sem hefur verið auðkenndur rafrænt gagnvart viðskiptakerfi lánveitanda“ við ákvæði 12. gr. laga nr. 33/2013 og er ákvæðið eftir breytinguna svohljóðandi:

12. gr. *Upplýsingar sem skulu koma fram í lánessamningum.*

Lánessamningar skulu gerðir skriflega og skulu undirritaðir af neytanda. Sé lánessamningur gerður í fjarsölu skal hann undirritaður af neytanda með fullgildri rafrænni undirskrift eða samþykktur af neytanda sem hefur verið auðkenndur rafrænt gagnvart viðskiptakerfi lánveitanda. Lánessamningar skulu skráðir á pappír eða vera á öðrum varanlegum miðli. Allir samningsaðilar skulu fá afrit af lánessamningi.

Benti Neytendastofa m.a. á mikilvægi þess að í sérlögum, s.s. lögum um neytendalán, væri ljóst hvaða kröfur væri verið að gera til auðkenningar sem verið væri að leyfa hér á landi með lögum. Sem eftirlitsaðili traustþjónustuveitenda og útgefenda rafrænna auðkenninga skv. lögum nr. 55/2019, teldi stofnunin mikilvægt að lagabreytingin yrði endurskoðuð þannig að hún yrði felld úr gildi eða útfærð frekar þannig að ljóst væri við hvaða auðkenningarskilyrði skyldi miðað.

Líkt og fram kom af hálfu stofnunarinnar á fundi með efnahags- og viðskiptanefnd telur stofnunin mikilvægt að notast sé við hugtök og þekkt viðmið auðkenningar eins og þau koma fram í lögum nr. 55/2019. Með því er jafnframt tryggt að skilyrðum laga nr. 140/2018 um að nægileg kennsl séu borin á viðskiptamann, séu uppfyllt. Ítrekar stofnunin að með því er komið í veg fyrir óvissu fyrir aðila markaðarins um það hvaða skilyrði eða kröfur Neytendastofa getur gert til auðkenningar á grundvelli 12. gr. laga nr. 33/2013 þar sem hlutlægu mati stofnunarinnar

verður ekki til að dreifa nema að ákvæðinu verði breytt. Með tilliti til athugasemda Neytendastofu sbr. fyrri umsögn hennar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda leggur Neytendastofa til að ákvæðið verði fært til fyrra horfs, sbr. lög nr. 163/2019 og orðist svo:

12. gr. *Upplýsingar sem skulu koma fram í lánsamningum.*

Lánsamningar skulu gerðir skriflega og skulu undirritaðir af neytanda. Sé lánsamningur gerður í fjarsölu skal hann undirritaður af neytanda með fullgildri rafrænni undirskrift. Lánsamningar skulu skráðir á pappír eða vera á öðrum varanlegum miðli. Allir samningsaðilar skulu fá afrit af lánsamningi.

Telji efnahags- og viðskiptanefnd ekki ástæðu vera til þess er brýnt að ákvæðinu verði breytt á þann hátt að tekin verði upp tilvísun til 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 910/2014, sbr. lög nr. 55/2019, og tekin verði afstaða til þess fullvissustigs sem nefndin telur fullnægjandi að miða við. Leggur Neytendastofa því til að ákvæðið orðist í því tilviki svo, eftir afstöðu nefndarinnar til þess hversu hás fullvissustigs sé krafist:

12. gr. *Upplýsingar sem skulu koma fram í lánsamningum.*

Lánsamningar skulu gerðir skriflega og skulu undirritaðir af neytanda. Sé lánsamningur gerður í fjarsölu skal hann undirritaður af neytanda með fullgildri rafrænni undirskrift eða samþykktur af neytanda með annari rafrænni auðkenningu, sem uppfylli skilyrði fullvissustigsins [lágt] [miðlungs] [hátt] í samræmi við skilyrði laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Lánsamningar skulu skráðir á pappír eða vera á öðrum varanlegum miðli. Allir samningsaðilar skulu fá afrit af lánsamningi.

Auk þess vill Neytendastofa ítreka að á fundi efnahags- og viðskiptanefndar kom jafnframt fram af hálfu Neytendastofu að stofnunin telur sér ekki heimilt skv. lögum að afnema veitta skráningu séu auðkenningarkröfur „ekki nægilegar“, og auk þess, sem fyrr segir, ekki sett nein hlutlæg viðmið í því sambandi. Vill Neytendastofa ítreka þá athugasemd og minnir á að sú afstaða stofnunarinnar er byggð á því hversu óljós auðkenningarkrafan er samkvæmt núverandi orðalagi 12. gr. laga nr. 33/2013 eftir breytingu nefndarinnar í febrúar. Það skortir því skýrari lagastoð fyrir slíkri heimild til niðurfellingar á skráningu. Einnig er rétt að vísa hér til umsagnar Neytendastofu við frumvarp til breytinga á lögum um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, 709. mál., þar sem lagðar eru til breytingar á ákvæðum laga nr. 33/2013 sem snúa að skráningarskyldu.

Loks skal á það bent að skv. lögum nr. 140/2018 ber lánveitendum að gera áhættumat og leggja fram til Fjármálaeftirlitsins og þýðing þess að stuðst sé við fullgildar rafræna vottun hefur því mikilvæga þýðingu til þess að geta fengið að starfa að lánveitingum til almennings. Það eru því augljós tengsl milli kröfu um að nota fullgilda rafræna undirskriftir og þeirra almennu skilyrða sem lánamiðlarar verða að uppfylla skv. lögum nr. 140/2018 um peningaþvætti og gerð

áhættumats skv. þeim lögum sem ekki er unnt að víkja frá. Aðeins fullgild rafræn vottun hefur sömu réttaráhrif sem undirritun með eigin hendi sbr. ákvæði laga nr. 55/2019 og því mikilvæg fyrir lánveitendur að slík undirritun sé gerð við fjarsölu og gerð lánasamninga en ekki aðeins í upphafi viðskiptasambands eins og lög nr. 140/2018 mæla fyrir um. Auk þess eru auðveldar og einfaldar auðkenningarleiðir til þess fallnar að t.d. einstaklingar geti safnað háum skuldum hratt og án hindrunar með einföldum smelli t.d. vegna smálána sem tekin eru án umhugsunar eða undir sérstökum kringumstæðum s.s. við spilamennsku o.fl. Krafa um fullgildar rafrænar undirskriftir er því til þess fallin að styrkja bæði réttarvernd neytenda sem og lánveitenda.

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 27. maí 2020
Tilvísun: 2020051569/HF

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

1.

Persónuvernd vísar til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 5. maí 2020 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 (þskj. 1217, 709. mál á 150. löggjafarþingi).

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að ljúka við innleiðingu í íslenskan rétt á ákvæðum tilskipunar (ESB) 2018/843 (fimmta peningabættistilskipunin). Jafnframt er gerð tillaga um breytingu á lögnum sem byggir á reynslu af notkun þeirra.


2.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en áréttar mikilvægi þess að farið sé að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga við vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem fram fer með stofnun skrár yfir bankareikninga, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að frekari ákvæði um fyrirkomulag skrárinnar verði að finna í reglugerð sem sett verði af ráðherra. Persónuvernd væntir þess að drög að henni verði send stofnuninni til umsagnar, að undangengnu mati á áhrifum á persónuvernd, sbr. 29. gr. laga nr. 90/2018 samkvæmt nánari fyrirmælum í 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, í samræmi við 2. tölul. 4. mgr. 39. gr. sömu laga.

Þá áréttar Persónuvernd að um vinnslu persónuupplýsinga hjá löggæsluþyröldum gilda lög nr. 75/2019 og því fer um vinnslu þeirra yfirvalda samkvæmt þeim lögum.

F.h. Persónuverndar,



Vigdís Eva Línadal



Hildur Friðleifsdóttir


Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 28. maí 2020

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 með síðari breytingum um skráningu raunverulegra eigenda nr. 82/2019.

Virðingarfyllt,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 með síðari breytingum um skráningu raunverulegra eigenda nr. 82/2019.

150. löggjafarþing 2019-2020.**Þingskjal x – x. mál.****Stjórnarfrumvarp**

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Félagið hefur mikla og langa reynslu af málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttamanna. Ábendingar og athugasemdir félagsins miða að úrbótum, þar sem hagsmunir stjórnvalda og þeirra einstaklinga sem í hlut eiga fara saman að öllu jöfnu. Þessi umsögn lýtur að erfiðleikum flóttafólks við að hefja líf í nýju landi með þau skilríki sem þeim eru fengin við veitingu alþjóðlegrar verndar og leyfis til dvalar í landinu.

Þegar flóttafólk hefur fengið alþjóðlega vernd hér á landi gefur Útlendingastofnun út skilríki því til handa, svokölluð dvalarleyfisskírteini. Á meðan umsóknarferli um vernd stendur nýtur fólk fjárhagsstuðnings Útlendingastofnunar og býr í húsnæði á hennar vegum eða þeirra sveitarfélaga sem stofnunin hefur samið við um þjónustu. Þessari fjárhagsaðstoð lýkur tveimur vikum eftir að fólk hefur hlotið vernd og leyfi til dvalar og sömuleiðis þarf það þá að útvega sér húsnæði sjálft. Forsenda þess að fólk geti hafið líf sitt hér í nýju landi er að geta aflað sér tekna sjálft eða leitað eftir fjárhagsaðstoð sveitarfélags í byrjun búsetu. Til þess þarf fólk að geta stofnað bankareikning og sótt um rafræn skilríki.

Það sama gildir um umsækjendur um alþjóðlega vernd sem hljóta hér tímabundið atvinnuleyfi eftir umsókn þess efnis, sem fer til meðhöndlunar hjá Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun áður en leyfi er gefið út. Sá hópur þarf að geta stofnað bankareikning í eigin nafni til að geta fengið laun greidd. Dvalarleyfiskort þess hóps er líkt og þeirra sem njóta alþjóðlegrar verndar gefið út af Útlendingastofnun.

Í núverandi lögum nr. 140 frá árinu 2018 um aðgerðir gegn peningabætti segir í 3. gr. um skilgreiningar: „18. *Viðurkennd persónuskilríki*: Gild persónuskilríki sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum. Til gilda persónuskilríkja teljast vegabréf, ökuskírteini og nafnskírteini gefin út af Þjóðskrá Íslands eða samsvarandi erlendum stjórnvöldum og rafræn skilríki sem innihalda fullgild rafræn vottorð sem varðveitt eru á fullgildum undirskriftarbúnaði samkvæmt lögum um rafrænar undirskriftir.”

Ofangreind skilríki veitt flóttafólki annars vegar og umsækjendum um alþjóðlega vernd sem fá útgefið atvinnuleyfi hins vegar, virðast ekki vera tekin gild af bönkum sem lögleg íslensk skilríki og falla ekki undir ofangreinda skilgreiningu. Undanfarið höfum við sem þjónustum flóttafólk orðið illilega vör við erfiðleika þeirra við að stofna bankareikninga í eigin nafni og að fá rafræn skilríki og hefur það oft tekið langan tíma og mikla fyrirhöfn. Hefur því verið borið við að þær hindranir stafi af hertu eftirliti vegna aðgerða gegn peningabætti. Á meðan fólk er ekki með bankareikning þá getur félagsþjónustan ekki greitt út fjárhagsaðstoð og launagreiðandi ekki út laun. Þessar tafir leiða af sér að fólk er mögulega tekjulaust í einhverjar vikur þó svo að réttur til fjárhagsaðstoðar sé skýr og að atvinnurekanda beri að greiða laun. Meðal flóttafólks eru einstaklingar sem hafa engar aðrar bjargir í byrjun búsetu hér en að

fá fjárhagsaðstoð félagsþjónustu frá viðkomandi sveitarfélagi. Um þá sem hljóta tímabundið atvinnuleyfi gildir að þeir þurfa þá að flytja úr húsnæði á vegum Útlendingastofnunar og framfærslugreiðslur samkv. 33. gr. laga um útlendinga falla niður við útgáfu atvinnuleyfis.

Félagið bendir á mikilvægi þess að gleyma ekki sérstökum aðstæðum þessa hóps og tryggja að einstaklingar með alþjóðlega vernd fái skilríki sem duga þeim til að gerast sjálfstæðir og sjálfbjarga borgarar í samfélaginu frá fyrsta degi og/eða tryggja að núverandi skilríki sem gefin eru út þeim til handa séu tekin gild af þeim stofnunum sem þau þurfa að skipta við.

Mikilvægt er því að við skilgreiningu á gildum persónuskilríkjum sé bætt skilríkjaflokknum dvalarleyfiskortum útgefnum af Útlendingastofnun enda hefur viðkomandi handhafi dvalarleyfis uppfyllt þau skilyrði sem stofnunin setur fyrir löglegri dvöl hans hér á landi.

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir til að gera frekari grein fyrir framangreindum athugasemdum og svara spurningum sé þess óskað.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 20.5.2020
Tilvísun: 20200500480

Kt. 420169- 3889

Umsögn ríkisskattstjóra um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um skráningu raunverulegra eigenda (ráðstafanir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka) - 709. mál, þskj 1217

Ríkisskattstjóri hefur þann 5. maí sl. móttengið tölvupóst frá nefndasviði Alþingis þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri tilefni til eftirfarandi athugasemda:

I.

Með 1. gr. frumvarpsins eru gerðar breytingar á gildissviði laga nr. 140/2018, um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (pþl.). Ríkisskattstjóri telur mjög til bóta sú ráðstöfun skv. b-lið 1. gr. að fella „bifreiðasala“ undir n-lið 1. mgr. 2. gr. nógildandi pþl., sbr. sjónarmið þau sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu. Að því sögðu, og með vísan til reynslu embættisins af framkvæmd pþl. síðan þau voru sett, telur embættið tilefni til enn frekari breytinga á því hvaða aðilar falli skilyrðislaust undir gildissvið laganna, óháð öllum fjárhæðarmörkum.

Það er mat ríkisskattstjóra að aðilar, sem gætu fallið undir r-lið 1. mgr. 2. gr. pþl., skilgreini sig gjarnan ranglega utan gildissviðs þeirra eða eru óvissir um réttarstöðu sína. Þykir rétt að taka fram í því samhengi að fjórða og fimmta peningaþvættistilskipunum Evrópuþingsins og -ráðsins, nr. 2015/849 og 2018/843, gera einungis lágmarkskröfur til aðildarríkja og því er heimil innleiðing strangari reglna, telji aðildarríki þörf á.

Með vísan til framangreinds telur embættið rétt að fella eftirfarandi atvinnugreinar sérstaklega undir pþl. með skýrum hætti og án tillits til fjárhæðarmarkna:

- listmunasalar, listmunagallerí og uppboðshús, (p-liður);
- skartgripa- og gullsalar, (r-liður sbr. athugasemdir við 2. gr. þingmáls nr. 314 sem varð að pþl. á 149. löggjafarþingi); og
- fasteignafélög, hvort sem starfsemi snýst um beina leigu eða sölu þessara félaga á fasteignum (n-liður)

Í staflíðum p, r og n yrðu fjárhæðarviðmið felld úr lagatextanum en r-liðurinn gæti eftir sem áður staðið sem uppsöfnunarliður með upphafsorðunum: „Önnur starfsemi ótalin hér að ofan, þar sem lögaðilar og einstaklingar sem í atvinnuskyni eiga viðskipti . . .“

Ofangreindar breytingar yrðu til þess að skýra og skerpa lagalega stöðu viðkomandi aðila og einfalda og auðvelda áhættumiðað eftirlit með viðkomandi starfsstéttum.

II.

Með 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að komið sé á fót skrá um eigendur innlánsreikninga og greiðslureikninga og leigutaka greiðsluhólfa. Samkvæmt ummælum í greinargerð er gert ráð fyrir að ráðherra komi slíkri skrá á fót með reglugerð, og að jafnframt sé með reglugerð stjórnvöldum öðrum en starfsmönnum skrifstofu fjármálagerna lögreglu, t.a.m. ríkisskattstjóra, veittur aðgangur að skránni. Ljóst er að fyrirhuguð skrá skv. 8. gr. mun innihalda mikið magn fjárhags- og persónuupplýsingar einstaklinga sem væntanlega verða varin þagnarskyldu þess stjórnvalds sem sinnir skráarhaldi.

Það er mat ríkisskattstjóra að réttara væri að fram kæmi í lagatextanum sjálfum hvaða stofnun sé ætlað það hlutverk að starfrækja slíka skrá um bankareikninga og hafa eftirlit með notkun hennar. Þá þurfi heimildir annarra stjórnvalda til aðgangs að slíkri skrá að vera lögbundnar og sérstaklega þurfi að taka fram að ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu skráarhaldara (stjórnvalds) víki fyrir slíkum aðgangsheimildum. Sömuleiðis þurfi að lögfesta samhliða upplýsingaskyldu aðila til skráarhaldara að trúnaður standi slíkri skyldu ekki í vegi, en t.a.m. er hvergi í frumvarpinu vikið að þagnarskylduákvæði 1. mgr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sjá til hliðsjónar 6. mgr. 19. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda nr. 150/2019 og 5. mgr. 94. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Ekki verði í ljósi lögmætisreglunnar tekið á þessum grundvallaratriðum í reglugerð sem ráðherra setur.

Þá verður að telja í ljósi þess að skráarhald og notkun skrárinnar mun fela í sér umfangsmikla skráningu og vinnslu persónuupplýsinga, og jafnvel tengingu við samtengda skrá innan Evrópska efnahagssvæðisins, að betur færi að um fyrirkomulag hennar sé fjallað í settum lögum og þar talin með tæmandi hætti þau stjórnvöld sem skuli hafa að henni aðgang, sbr. umfjöllun í fyrri efnisgrein. sbr. og 3. og 5. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þá bendir ríkisskattstjóri á að sumar þær stofnanir sem munu hafa með skrána að gera falla undir lög nr. 75/2019 laga, um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi en aðrar undir framangreind lög nr. 90/2018.

III.

Ríkisskattstjóri bendir á að misritun virðist hafa orðið í lagatilvísun í athugasemd með 12. gr. frumvarpsins þar sem vísað er til 2. mgr. 10. gr. laga nr. 82/2019 um skráningu raunverulegra eigenda en ætti að vera 2. mgr. 4. gr. laganna.

Virðingarfyllt,
f. h. ríkisskattstjóra



Ingvar J. Rögnvaldsson



Helga Valborg Steinarsdóttir



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 26. maí 2020

Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fjármálafyrirtækja og Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um skráningu raunverulegra eigenda. Þingskjal 1217 - 709.mál.

Samtök atvinnulífsins (SA), Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) og Samtök verslunar og þjónustu (SVP), hér eftir nefnd samtökin, vísa til frumvarps til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 (þþvl.) Frumvarpinu er ætlað að ljúka við innleiðingu fimmtu peningabættistilskipunar ESB en inniheldur einnig aðrar breytingar. Samtökin bentu á þá vankanta sem þau sáu við frumvarpið með umsögn sem birt var í samráðsgátt þann 9. mars síðastliðinn. Síðan þá hefur frumvarpið tekið nokkrum breytingum en ástæða þykir til viðhafa eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið eins og það hefur verið lagt fyrir Alþingi sem þingskjal 1217 – 709. mál. Auk þess vilja samtökin koma á framfæri athugasemd sem snýr að lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 (þþvl.), eins og þau standa í dag, en sú athugasemd varðar hóp fólks hér á landi sem hefur ekki viðurkennd persónuskilríki sbr. skilgreiningu laga nr. 140/2018 og getur því ekki stofnað bankareikninga til að taka við framfærslu eða launum.

1. Viðurkennd persónuskilríki

Skv. þþvl. nr. 140/2018 er viðurkennt persónuskilríki eftirfarandi:

„18. Viðurkennd persónuskilríki: Gild persónuskilríki sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum. Til gilda persónuskilríkja teljast vegabréf, ökuskirteini og nafnskirteini gefin út af Þjóðskrá Íslands eða samsvarandi erlendum stjórnvöldum og rafræn skilríki sem innihalda fullgild rafræn vottorð sem varðveitt eru á fullgildum undirskriftarbúnaði.“

Um skilgreiningu þessa segir í greinargerð með lögum:

„Skilgreining á viðurkenndum persónuskilríkjum í 19. tölul. er nánast óbreytt frá gildandi lögum. Deili teljast aðeins hafa verið sönnuð á einstaklingum, samkvæmt a-lið 1. mgr. 10. gr., með framvisun þeirra skilríkja sem upp eru talin í ákvæðinu. Hér er þó lögð til sú breyting að undir viðurkennd persónuskilríki falli einnig nafnskirteini sem gefin eru út af erlendum stjórnvöldum sem eru til þess bær. Tilkynningarskyldum aðilum sem byggja áreiðanleikakönnun á nafnskirteinum gefnum út af erlendum stjórnvöldum ber að tryggja að um viðurkennd persónuskilríki sé að ræða, í skilningi laganna, t.d. með því að setja sig í samband við útgefanda þess en upp hafa komið tilvik þar sem framvísað hefur verið fólksuðum nafnskirteinum. Tilkynningarskyldum aðilum ber, með vísan til 33. gr. frumvarpsins, að tryggja



*að starfsmenn hljóti viðeigandi fræðslu og þjálfun við greiningu og mat á erlendum skilríkjum. Meginreglan er að tryggja þer að um frumskilríki sé að ræða. Það kann þó ekki að vera hægt í öllum tilvikum, t.d. þegar um er að ræða viðskipti erlendra aðila sem ekki eru staddir hér á landi. Í slíkum undantekningartilvikum er mikilvægt að gæta sérstakrar varkárni og fara t.d. fram á að lögbókandi (notarius publicus) eða annar viðeigandi aðili staðfesti réttmæti skilríkjanna. Áreiðanleikakönnun er ávallt á ábyrgð viðkomandi tilkynningarskylds aðila og á hans ábyrgð að tryggja að áreiðanleikakönnun byggji á fullnægjandi gögnum. Komið hafa upp tilvik þar sem aðilar eiga ekki fullnægjandi skilríki til að sanna á sér deili. Er hér t.d. átt við flóttamenn sem hafa komið til landsins án skilríkja eða á fölsuðum skilríkjum. Til að koma ekki í veg fyrir að þessir aðilar hafi aðgang að almennri fjármálaþjónustu, sbr. reglur Fjármálaeftirlitsins um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, nr. 670/2013, er gert ráð fyrir því að heimilt sé að taka **ferðaskilríki** sem útgefin eru af Útlendingastofnun sem gild skilríki fyrir þessa aðila. Slík skilríki skulu þó aðeins veita aðgang að fjármálaþjónustu sem er nauðsynleg í nútímabjóðfélagi og ef niðurstaða áhættumats felur í sér litla áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.*

Flóttamenn sem hafa fengið dvalarleyfi hér á landi fá svokallað dvalarleyfisskírteini eftir langt og strangt ferli. Dvalarleyfisskírteini eru ekki ferðaskilríki. Dvalarleyfisskírteinin eru hins vegar tvenns konar. Ef flóttamaður kemur til landsins með viðurkennt persónuskilríki svo sem vegabréf þá er engin áletrun á dvalarleyfisskírteini viðkomandi. Ef flóttamaður hefur hins vegar ekkert viðurkennt persónuskilríki meðferðis er áletrun á dvalarleyfisskírteini sem segir beinlínis að Útlendingastofnun geti ekki staðfest að viðkomandi sé sá sem hann segist vera.

Svíþjóð hefur staðið frammi fyrir sama vandamáli sem stjórnvöld leystu með því að útfæra verklag í samstarfi við Útlendingastofnun þar í landi sem heimildar stofnun bankareikninga fyrir þá einstaklinga sem eru ekki með viðurkennd persónuskilríki skv. þpvl. Að mati SFF er nauðsynlegt fyrir Alþingi að skoða lausn þessa máls við meðferð þessa frumvarps.

2. Um 1. gr. frumvarpsins

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsdraganna er lagt til að bifreiðaumboð og bifreiðasalar verði felldir undir gildissvið laganna. Í sérstökum athugasemdum við 1. gr. frumvarpsdraganna segir: „Sala notaðra ökutækja er háð leyfi sýslumanns skv. lögum um verslunarátvinnu nr. 28/1998.“ Þannig vill hins vegar til að í 5. gr. frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum varðandi leyfisveitingar (einföldun regluverks) (þskj. nr. 376 í 332. máli á líðandi löggjafarþingi) var efnislega lagt til að skylda til að afla leyfis til sölu notaðra bifreiða verði felld brott. Alþingi veitti frumvarpinu lagagildi hinn 5. mars sl. Hugtakið bifreiðaumboð er heldur ekki að finna í íslensku lagasafni.

Í ljósi framangreinds er ekki fyrrséð hvort framangreind tillaga verði til þess að leysa úr þeirri óvissu sem ætlunin virðist að bregðast við. Af þeim sökum telja samtökin ekki tilefni til þess að breytingarnar verði gerðar. Ekki verður t.d. séð að óbreytt tillaga leysi úr óvissu sem kann að skapast í blandaðri starfsemi þar sem sala á bifreiðum er einvörðungu þáttur af starfseminni eða þáttur í annarri starfsemi, t.d. í starfsemi bílaleiga.

3. Um 3. gr. frumvarpsins

Með 3. gr. frumvarpsins stendur til að fella út 3. mgr. 5. gr. laganna þar sem segir: „Eftirlitsaðilar geta veitt undanþágu frá skyldu til að framkvæma áhættumat sé sýnt fram á að



tiltekin starfsemi eða viðskipti séu þess eðlis að áhættuþættir eru skýrir og þekktir og viðeigandi ráðstafanir til að draga úr þekktri áhættu eru til staðar.“

Um 3. mgr. 5. gr. segir í skýringum um ákvæðið: „Við tilteknar aðstæður, sbr. 3. mgr., geta eftirlitsaðilar veitt tilkynningarskyldum aðilum undanþágu frá gerð áhættumats. Ákvæðið er undanþága frá meginreglu um gerð áhættumats og ber að túlka sem slíka. **Slík undanþága dregur úr hættu á því að gerðar séu of íþyngjandi kröfur til tilkynningarskyldra aðila með einfalda starfsemi.** Það er á ábyrgð þess tilkynningarskylda aðila, sem óskar eftir undanþágu samkvæmt þessu ákvæði, að sýna fram á að skilyrði hennar séu uppfyllt.“

Samtökin leggjast gegn því að undanþáguheimildin sé felld út enda ljóst að hún geti átt við fjölmarga tilkynningarskylda aðila á Íslandi. Rökin fyrir því að fella hana út eru sögð vera óljós viðmið varðandi það hvað þurfi til þess að tilkynningarskyldir aðilar fái slíka undanþágu. Afar mikilvægt er að halda undanþáguákvæðinu inni til draga úr hættu á að gerðar séu of íþyngjandi kröfur til tilkynningarskyldra aðila. Í stað þess að afnema undanþáguákvæðið leggja SFF til að bætt verði við ákvæðið heimild til ráðherra um að setja í reglugerð viðmið um hvað þurfi til þess að slík undanþága geti verið veitt.

4. Um 8. gr. frumvarpsins.

Samtökin fagna því að það standi til að fresta gildistöku 8. gr. frumvarpsins sem fjallar um skrá um bankareikninga sem og að ákvæðið er nú skýrara þegar kemur að mikilvægi þess að gæta að aðgengi og þagnarskyldu. Samtökin vilja þó ítreka mikilvægi þess að smíði og kerfislegar lausnir skráarinnar verði ekki of kostnaðarsamar fyrir banka og sparisjóði sem og að víðtækt samráð verði haft við Samtök fjármálafyrirtækja í tengslum við setningu þeirrar reglugerðar sem mun innihalda nánari reglur um skrána og uppsetningu þeirrar lausnar sem verður fyrir valinu.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

Benedikt S. Benediktsson, lögfræðingur

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir, lögmaður